



## 16. stjórnarfundur Ungmennafélags Íslands haldinn 2.maí 2019 í Þjónustumiðstöð UMFÍ í Reykjavík.

---

**Mætt eru:** Haukur Valtýsson (HV), Ragnheiður Högnadóttir (RH), Guðmundur Sigurbergsson (GS) Gunnar Gunnarsson (GG), Jóhann Steinar Ingimundarson (JSI), Lárus B. Lárusson (LBL), Sigurður Óskar Jónsson (SÓJ), Gunnar Þór Gestsson (GÞG), Helga Jóhannesdóttir (HeJ) og Auður Inga Þorsteinsdóttir (AlÞ) framkvæmdastjóri UMFÍ.

**Forföll boðuðu:** Örn Guðnason (ÖG) og Hrönn Jónsdóttir (HrJ).

1. Fundur settur kl. 17:05
2. **Kynning frá Rafíþróttasamtökum Íslands, Ólafur Hrafn Steinarsson, formaður RÍSí kynnti.** Stjórnin þakkar fyrir áhugavert erindi og greinargóð svör við fyrirspurnum. Málin verða áfram skoðuð, m.a. í ferð ungmennafélagshreyfingarinnar til Danmerkur síðar í mánuðinum.
3. **Upplýsingagjöf frá framkvæmdastjóra.** Minnisblað lagt fram.
4. **Framkvæmdastjórnarfundargerð nr.12** – Stjórn staðfestir tilnefningu ÖG sem fulltrúa UMFÍ í stjórn Íslenskrar Getspár og AlÞ til vara.
5. **Viðburðir á vegum UMFÍ**
  - **Hreyfivikan** verður 27. maí-2. júní, undirbúningur skv. áætlun. Gengið hefur verið frá ráðningu verkefnastjóra, Alexöndru Björgu Ægisdóttur.
  - **Landsmót UMFÍ 50+ 2019** verður í Neskaupstað 28.-30. júní. Undirbúningur gengur skv. áætlun.
  - **Unglingalandsmót 2019** verður á Höfn í Hornafirði um verslunarmannahelgina. Undirbúningur gengur skv. áætlun.

GS kom inn á fund kl. 19:10

- **Landsmótið 2020.** Áfram er unnið að undirbúningi og samningum við væntanlega móthaldara. GS skipaður í undirbúningsnefndina.
- **Landsmót UMFÍ 50+ 2020** í Borgarnesi. HeJ skipuð í undirbúningsnefndina.

6. **Fjármál hreyfingarinnar 3ja mán. uppgjör.** Lagt fram til kynningar.

HeJ vék af fundi kl. 19:30

7. **Laugarvatn, Laugar.**

- Framkvæmdastjórn falið að ganga frá samningi við Makwa frá Kanada um afnot af aðstöðunni á Laugarvatni fyrir erlend ungmenni í sjö vikur sumarið 2019.
- Framkvæmdastóri lagði fram erindi frá Önnu Margréti Tómasdóttur, forstöðumanni ungmenna- og tómstundabúða UMFÍ. Framkvæmdastjóra falið að svara erindinu í samræmi við umræður á fundinum.
- Framkvæmdir eru á áætlun.

8. **Þrastalundur.**

- Farið yfir svarbréf Advel og Gjaldheimtunnar vegna stöðu á innheimtumáli leigugjalda í Þrastalundi. Óskað var eftir frekari upplýsingum, samantekt og tillögum.
- Framkvæmdastjórn falið að gæta hagsmuna UMFÍ í málinu í samræmi við framlagt minnisblað.

**9. Vinna við tillögur fyrir 51. Sambandsþing UMFÍ.**

- Áfram unnið að málum.

**10. Ferð til Danmerkur, ferðatilhögun, hvað er í boði?**

- Ferðin verður 24.-27. maí. Dagskrá er að verða tilbúin. 58 manns eru skráðir í ferðina.

**11. Bréf sem borist hafa:**

- Bréf frá HSK. – mótttekið.

JSI vék af fundi kl. 21:30

**12. Önnur mál:**

- Aðalfundur Almannaheilla fer fram 15. maí n.k. Ragnheiður Sigurðardóttir tilnefnd sem fulltrúi UMFÍ í stjórn.
- LBL bendir á að ekki sé til erindisbréf framkvæmdastjórnar. Málinu vísað til laganeftdar.
- Ráðstefna um forvarnir. HV kynnti hugmyndir.
- Ársþing / aðalfundur sambandsaðila. Farið yfir næstu ársþing.
- Ákveðið að næsti stjórnarfundur verði 29. maí.

**SÓJ ritaði fundargerð.**

**Fundi slitið kl. 21:58**